




Loftmynd þessi er tekin af nokkrum vötnum á Auðkúluheiði ásamt því að á myndinni má sjá hluta af hrikalegu Blöndugljúfri að norðan.

Stærsta stöðuvatnið á myndinni heitir Þrístikla – Á milli vatnanna liggur svo Kjalvegur sem beygir til SA fyrir austurenda Þrístiklu í átt að Kolkuhóli þar sem lengi var hlaðið torfhús og notað sem gangnamannakofi og síðar reist sæluhús.

Ástæðan fyrir litamismun á vötnum er sú að frárennslisskurður frá Blöndulóni sem byrjar við þar sem húsin stóðu áður liggur í gegnum nokkur vötn á heiðinni og má þar fyrst nefna Þrístiklu síðan litla vatnið á myndinni sem er nafnlaust og þar á eftir koma vötn Austara Friðmundarvatn og Gilsvatn.

Sem dæmi um hrikaleika Blöndugljúfurs á þessu svæði, að þá er fallhæð virkjunarinnar um 287m og fæst hún með því að leiða rennsli Blöndu inn á Auðkúluheiði fram hjá gljúfrinu, í gegnum nokkur vötn á leiðinni og svo inn í gljúfrið aftur neðar í Blöndudalnum og þá í gegnum Blönduvirkjun.



Þetta svæði er mér sérstaklega hugleikið – enda var ég, 10 ára gamall, staddur þar, þegar það var ósnortið og Auðkúluheiðin blasti við frá sæluhúsinu sem að ég dvaldi í eitt sumarið með nafna mínum og afa Kjartani Péturssyni. Afi hafði þá tekið vatnið Þrístiklu á leigu ásamt hótelinu á Blönduósi og vorum við félagarnir við veiðar þar í heilt sumar. Karlinn hafði áskotnast stór trébátur sem að hann

hafði gert upp og lét flytja inn á heiði. Þá voru vegir ekki upphækkaðir og malbikaðir lengst inn á heiði eins og nú er. Heldur þurfti að keyra eftir misgóðum vegslóðum. Okkar hlutverk þetta sumar var að veiða fisk sem sóttur var reglulega og seldur í samstarfi við hótelið á Blönduósi.

Í stuttu máli – þá vorum við þarna eins og útilegumenn – gengum að vatninu á hverjum degi ca. 30-60 mín labb, vitjuðum netja og gengum svo með aflann til baka þar sem að var gert að honum. Aflinn var síðan sóttur 1-2 í viku.

Það var margt brallað þarna á meðan á verunni stóð, útbúnar fallgildir fyrir mink sem mátti finna m.a. við litla á sem rann rétt hjá sæluhúsinu. Breyttum gamla gangnamannakofanum í reykhlús þar sem reykt var á Mýfirskan máta með lyngi. Ferðuðumst mikið um svæðið labbandi og renndum fyrir fisk þar sem Sandáin rann út í Blöndu og veiddist oft vel. Litum til veiðivarðar sem var við veiðar í Mjóavatni sem er næsta vatn sunnan við Þristiklu. Á meðan fiskur var stór og vænn í Þristiklu, þá var fiskur með stóran haus og horaðan bók í Mjóavatni og er það dæmi um þegar verður offjölgun í lífríki vatnsins og síðan langvarandi næringarskortur í framhaldinu og kallast þá vatnið ofsetið.

Það eru til margar sögur frá þessum tíma sem að fóru að rifjast upp fyrir mér þegar ég sé þessa mynd. Sem dæmi, þá var lítil tjörn við vesturenda vatnsins þar sem núna rennur úr því og man ég að við félagarnir lögðum töluvert á okkur til að draga net á þessa tjörn til að athuga hvort að þar leyndist einhver fiskur en svo reyndist ekki vera.

Í dag fer ég þarna reglulega um svæðið eða reyni að koma þarna minnst einu sinni á ári og horfi með söknuði á svæðið þar sem útfallið frá stíflu Blöndulóns er. En þar voru húsin sem að við notuðum ásamt uppsprettu á sínum tíma sem núna er búið að fjarlægja.

Vegna mikilla anna í sumar, þá láðist mér að klára þessa sögu. En ég leit við á heimasíðunni hjá ykkur í morgun og sá að keppnin var búin. En svona til gamans, þá læt ég þessa fróðleiksmola fylgja.

Kjartan Pétur Sigurðsson
kps@photo.is